

Valreglur Evrópumóts einstaklinga 50 ára og eldri

1. gr.

Í flokki kvenna 50 ára og eldri er valinn einn kylfingur til þátttöku árlega í Evrópumóti einstaklinga 50 ára og eldri.

Efsti áhugakylfingur í kvennaflokki Íslandsmóts eldri kylfinga síðasta árs hlýtur þátttökurétt í Evrópumóti einstaklinga 50 ára og eldri.

Í flokki karla 50 ára og eldri eru valdir tveir kylfingar til þátttöku árlega í Evrópumóti einstaklinga 50 ára og eldri.

Efstu tveir áhugakylfingar í karlaflokki Íslandsmóts eldri kylfinga síðasta árs hljóta þátttökurétt í Evrópumóti einstaklinga 50 ára og eldri.

GSÍ skráir keppendur til leiks. Keppendur sem hafa hlotið þátttökuréttinn bera ábyrgð á að óska eftir skráningu í mótið eigi síðar en 4. maí 2025.

2. gr.

Áhugakylfingur sem nær tilskildum aldri áður en keppni liðsins fer fram, hefur íslenskan ríkisborgararétt og er félagi í íslenskum golfklúbbi á kost á að verða valinn í Evrópumót einstaklinga 50 ára og eldri

3.gr.

Allir landsliðskylfingar bera ábyrgð á að þeir treysti sér til að standast keppnisskilmála þeirra móta sem þeir taka þátt.

4. gr.

Kona sem er valin í Evrópumót einstaklinga 50 ára og eldri skal ekki hafa hærri grunnförgjöf en 9.0 á degi skráningarfrests.

Karlar sem valdir eru í Evrópumót einstaklinga 50 ára og eldri skulu ekki hafa hærri grunnförgjöf en 6.0 á degi skráningarfrests.

5.gr

GSÍ greiðir mótsgjald, styrkir hvern keppenda um 50.000 kr og greiðir fyrir merkingu á fatnaði. Keppendur greiða annan kostnað og bera ábyrgð á skipulagningu ferðarinnar.

6.gr

Keppendur skulu skrifa undir Siða- og Hegðunarreglur GSÍ áður en mót hefst.

Þannig samþykkt af afreksnefnd GSÍ þann 25.4.2024